

Sp. 366. Tillaga til þingsályktunar

um verðlækkun á vörum innan lands.

Flm.: Jón Pálmason, Skúli Guðmundsson, Ásgeir Ásgeirsson.

Sameinað Alþingi felur ríkisstjórninni að halda óbreyttu útsöluverði á landbúnaðarafurðum með ríkisframlagi, þar til frumvarpið á þingskjali 367 hefur fengið afgreiðslu í þinginu.

Greinargerð.

Frumvarp það um breytingar á dýrtiðarlögunum frá 14. apríl 1943, sem fram er lagt á Alþingi í dag og byggt er á samþykkt um verðlagsmálin á búnaðarþingi, felur í sér ákvarðanir um verð á landbúnaðarafurðum til 15. sept. 1945. En þar sem gera má ráð fyrir, að afgreiðsla á frumv. í þinginu taki nokkra daga, er óhjákvæmilegt að gera bráðabirgðaráðstafanir til að afstýra hækkun á verðlagi á þessum vörum, meðan á meðferð málsins stendur. Er því tillaga þessi fram borin.